



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 384. fund velferðarráðs 7. nóvember 2020.

VEL2020090047

RÁ/bm

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Fyrirspurn um umsókn Minningarsjóðs Þorbjarnar Hauks Liljarssonar um húsnæði.*

Þann 17. september sl. lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn um húsnæði fyrir Öruggt skjól, sem var send velferðarráði til meðferðar:

Minningarsjóður Þorbjarnar Hauks Liljarssonar - Öruggt skjól, greindi frá því að hafa sótt um húsnæði fyrir meira en einu og hálfu ári síðan fyrir fólk sem kemur úr fangelsum og meðferðum. Hver er staðan með húsnæðið og hvar stendur málið núna?

Svar:

Minningarsjóður Þorbjarnar Hauks Liljarssonar – Öruggt skjól lýsti sig áhugasaman um rekstur á Víðinesi, en til stóð að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að reka áfangaheimili fyrir karla á staðnum og var það í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum fólks með miklar og flóknar stuðningþarfir. Á fundi velferðarráðs þann 20. maí sl. var hinsvegar horfið frá því að nýta Víðines sem áfangaheimili á vegum velferðarsviðs og hefur það nú verið auglýst til leigu. Á sama fundi var samþykkt að opna áfangaheimili fyrir konur í miðborg Reykjavíkur og verður auglýst eftir áhugasömum aðila til að reka heimilið. Þess ber að geta að það hefur verið töluverð fjölgun á plássum á áfangaheimilum á undanförunum mánuðum en meðal annars stækkaði Draumasetrið starfsemi sína um rúmlega tuttugu pláss.